



HITAVEITUFÉLAG
HVALFJARÐAR, SF

Gjaldskrá - 2019

1. gr.

Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. selur heitt vatn frá borholu og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur almennum viðskiptavinum í té vatn eigi kaldara en 50°C við mælagrind. Verði að hleypa vatni framhjá til að halda uppi hita er það vatn eign hitaveitunnar og má eigi nýta nema með samþykki stjórnar hennar.

Hitaveitan selur vatnið í gegnum rennslismæli.

Stjórn hitaveitunar áskilur sér rétt til að setja upp hemla til þess að takmarka rennsli, en þannig má halda uppi þrýsting á kerfum veitunnar einkum um stórhátíðir og yfir sumarmánuðina þegar flestir eru í sumarhúsum sínum.

Stjórninni er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot af heitu vatni til annars en húshitunar enda verði gjald ákveðið með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar er heimilt að breyta eða stilla kerfi hitaveitunar.

4. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fyrir afnot heita vatnsins sem hér segir:

Kr. 5,059- fyrir hvern mínútulítra af vatni á mánuði til heimilisnotkunar.

Kr. 5.566- fyrir hvern mínútulítra af vatni á mánuði til sumarbústaða og atvinnuhúsnæðis.

Kr. 196- fyrir hvern m³ vatns samkvæmt rennslismæli.

Kr. 490- fyrir mælaleigu á mánuði.

Minnsta magn selt gegnum rennslismæli er 2 mínútulítrar.

Notandi byrjar að greiða fyrir afnot heita vatnsins samkvæmt þessari gjaldskrá og frá þeim degi sem heimtaug er tilbúin til notkunar.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. Skulu greidd annan hvern mánuð. Lesa skal af mælum að jafnaði tvisvar á ári og áætla notkun þess á milli. Gjaldldagi er 1. dagur útgáfumánaðar reiknings og eindagi 15. dagur sama mánaðar. Sé reikningur eigi greiddur í síðasta lagi á eindaga skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum og gjalddögum.

Allir vanskilareikningar notanda eru afhendir lögfræðinnheimtu. Ef lokað hefur verið fyrir vatn vegna vanskila er hitaveitunni heimilt að krefjast opnunargjlds áður en opnað er fyrir heita vatnið að nýju og skal það vera:

Kr. 50.000

6. gr.

Heimtauggjöld skulu vera sem hér segir:

Kr. 754.052- fyrir heimtaug í íbúðarhús.

Kr. 631.112- fyrir heimtaug í sumarbústað.

Kr. 754.052- fyrir heimtaug í atvinnuhúsnæði.

Stærð heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Heimtaugargjald stærri heimæðar en 25mm er reiknuð sérstaklega og skal notandi greiða þá viðbót að fullu. Innifalin í heimtaugargjaldi fyrir sumarbústaði og atvinnuhúsnæði er heimtaug að hámarki 60 metra löng, grafín í jörð frá stofnæð ásamt inntaksloka. Ef heimtaug er lengri skal viðkomandi greiða þá viðbót að fullu. Gjaldldagi heimtaugargjalds er þegar lagningu heimtaugar er lokið og eindagi 15 dögum síðar. Hitaveitufélag Hvalfjarðar áskilur sér rétt til að meta hverja umsókn um heimtaug með tilliti hvað hagkvæmt þykir og ástæður leyfa.

7. gr.

Á öll framangreind gjöld í þessari gjaldskrá leggjast skattar samkvæmt reglum hins opinbera á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af stjórn Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf. þann 01.05.2019 og gildir frá og með 01.06.2019 og þar til annað verður ákveðið.

F.h. Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf.

Karl Ingi Sveinsson

Sæmundur Víglundsson

Guðjón Jónasson